

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. október 1990 staðfest sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 17. nóvember 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosningu, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosningu að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. janúar 1991.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Heimsljós.

Undirritaðir aðilar hafa orðið ásáttir um að gera með sér eftirfarandi samning um að stofna sjálfseignarstofnun.

1. gr.

Stofnunin heitir Heimsljós. Lögheimili stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að breytingu á vitund fólks og lífsháttum. Að auka lífsfyllingu einstaklinga með samstillingu líkama, hugar og sálar og nota til þess lífsspeki Yogi Amrit Desai og kripalu hreyfingarinnar.

Til að ná fram markmiði stofnunarinnar hefur verið komið á fót jógakennslu og fræðslu um iðkunina, kennslu í djúpöndun, hugleiðslu og slökun. Stofnunin mun halda skemmri og lengri námskeið, sem stuðla eiga að andlegum vexti og þroska einstaklingsins. Skapa vettvang þar sem fólk getur starfað saman, tekið ábyrgð á eigin lífi og unnið að sjálfsþroska.